

G J A L D S K R Á

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skips er miðað við brúttó rúmlestastærð þess, og þá vegalengd, sem það siglir, ásamt djúpristu þess, sem er innifalin í meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir skip allt að 500 br. rúml.		kr. 200.00
— — frá 500— 1000 br. rúml.		— 205.00
— — — 1000— 1500 —		— 210.00
— — — 1500— 2000 —		— 215.00
— — — 2000— 3000 —		— 225.00
— — — 3000— 4000 —		— 235.00
— — — 4000— 5000 —		— 245.00
— — — 5000—10000 —		— 305.00
— — — 10000—15000 —		— 365.00
— — — 15000—20000 —		— 425.00
— — — 20000—30000 —		— 485.00
— — — yfir—30000 —		— 500.00

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílum, skal vera:

Fyrir skip allt að 500 br. rúml.		kr. 50.00
— — frá 500— 5000 br. rúml.		— 60.00
— — — 5000—10000 —		— 70.00
— — — 10000— og þar yfir		— 80.00

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 1500.00

Leggi leiðsögumaður skipi að eða frá bryggju, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 500.00, fyrir skip allt að 500 br. rúml., og kr. 50.00 fyrir hverjar 100 br. rúml. skipsins fram yfir það. Fyrir skip sem sigla eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%.

2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað. Skulu biðpeningar miðast við kr. 200.00 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmenn.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands, og ferðakostnað frá leiðsöguhöfn í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður biður skipsins eftir ákveðinn komu- eða hurtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 200.00 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sólarhring (frá 0.00—24.00).

4. gr.

Gjaldskráin er miðuð við kaupgjaldsvisitöluna 100 frá 1. júlí 1970, og háð sömu breytingum og hún.

5. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. marz, og skal vera $\frac{1}{3}$ hærri samkvæmt 1. grein, en óbreytt varðandi 2. og 3. grein.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. júlí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

8. ágúst 1972.

Nr. 217.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnar-umdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, sem vatn fá úr vatnsveitu bæjarins.

2. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Ísafjarðar, skal greiða tengigjald kr. 6.00 á hvern m³ húss allt að 2000 m³ stærð, en kr. 4.00 á hvern m³, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu, áður en tenging fer fram.

3. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15 — 1½% af framangreindu mati.

Lágmarks upphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1000.00.

Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Aukavatnsskattur.

4. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 2. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðapvottastöðvar, svo og aðrir sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.